

2007

Priðjudaginn 18. október 1994.

Nr. 320/1994.

Stefanía Bragadóttir f. h.

ó fjárráða dóttur sinnar,

Sigrúnar Gunnarsdóttur

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.),

gegn

Samúel Jónssyni og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, er barst réttinum 14. júlí 1994. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að tekin verði til greina krafa um, að héraðsdómarinn, Valtýr Sigurðsson, víki sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, er mál þetta höfðað vegna umferðarslyss, er Sigrún Gunnarsdóttir varð fyrir 5. apríl 1989. Hefur henni verið metin 10% varanleg örorka vegna slyssins. Nema kröfur hennar í málinu 1.638.611 krónum auk vaxta og kostnaðar. Hið stefnda tryggingafélag viðurkennir bótaskyldu og býður fram bætur að fjárhæð 515.000 krónur auk kostnaðar.

Samkvæmt bókun sóknaraðila fyrir héraðsdómi byggist krafa hans um, að héraðsdómari víki sæti, á því, að „dómari sé sonur Sigurðar Jónssonar, eiganda að 0,76% hlutafjár í hinu stefnda félagi, en nefndur Sigurður sé fyrrum forstjóri félagsins til langs tíma og ástæða sé til að ætla, að dómarinn geti ekki litið hlutlaust á mála-vöxtu“. Var vísað til d- og g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfunni.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um hlutafjäreign Sigurðar Jóns-

sonar í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Héraðsdómari miðar í úrskurði sínum við þá staðhæfingu sóknaraðila, að faðir sinn sé eigandi að 0,76% heildarhlutafjár í hinu stefnda félagi. Verður sú afstaða hans til staðreynda málsins lögð til grundvallar dómi.

Í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er bent á, að faðir héraðsdómarans kunni að njóta eftirlauna frá hinu stefnda tryggingafélagi samkvæmt eftirlaunasamningi. Eigi nýtur gagna um þessa nýju málsástæðu, sem sýnist ekki hafa verið hreyft í héraði.

II.

Í yfirliti Talnakönnunar hf. úr ritinu Íslensku atvinnulífi, 22. tbl. 7. árg. 1994, um Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kemur fram greining á ársreikningum félagsins nokkur undangengin ár. Þar sést meðal annars, að í árslok 1993 hafi nafnverð heildarhlutafjár verið 304.000.000 krónur. Í ársbyrjun 1994 hafi hluthafar verið 421, og áttu 10 þeirra hluti, sem hver um sig nam 2,8%–12,1% heildarhlutafjár, samtals 60,2%. Hlutir annarra hafi verið smærri. Þar kemur einnig fram, að vegna áranna 1990–1993 hafi hluthöfum þrisvar verið greiddur 10% ársarður, en eitt árið 15%.

III.

Samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 er dómari vanhæfur til að fara með mál, ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður en þær, sem fram koma í a- til f-lið sömu greinar og fallnar eru til að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Í athugasemdum, er fylgdu þessari grein í frumvarpi til nefndra laga, kemur fram, að efni hennar sé sambærilegt reglu 7. tl. 36. gr. áðurgildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þrátt fyrir breytt orðalag.

Þótt úrslit máls varði ekki fjárhagslega eða aðra hagsmuni dómara sjálfs, er ekki loku fyrir það skotið, að þau varði nánustu venslamenn hans með þeim hætti, að aðstæður, sem lýst er í g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, kunni að valda vanhæfi dómarans. Við mat á því, hvort hlutafjáreign föður héraðsdómarans í þessu máli geti með réttu talist fela í sér slíkar aðstæður, verður að líta til eðlis og vægis þeirra hagsmuna. Enn fremur ber að meta, hvort almennt yrði talin hætta á, að slíkir hagsmunir kunni að leiða til þess, að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Ljóst er, að það myndi leiða til nokkurra útgjalda fyrir hið stefnda tryggingafélag, ef fallist yrði á kröfur sóknaraðila að einhverju eða öllu leyti. Með hliðsjón af eðli þess álitaefnis, sem til úrlausnar er í málinu, verður hins vegar eigi talið, að slík málalok gætu varðað föður héraðsdómara fjárhagslega með þeim hætti, að efni séu til þess að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa. Er þá meðal annars til þess að líta, að hér er um að ræða svo lítinn eignarhluta í almenningshlutafélagi, að almennt verður ekki talin hætta á, að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á niðurstöðu máls.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að héraðsdómari sé vanhæfur til meðferðar málsins vegna ákvæða g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Með hliðsjón af því og skírskotun til forsendna héraðsdómara um hæfi sitt samkvæmt d-lið sömu lagagreinar verður úrskurður hans staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1994.

Stefnandi höfðaði mál þetta fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. október 1993. Tílefnið var krafa um skaðabætur úr hendi stefndu, að fjárhæð 1.638.611,00 kr., auk vaxta og kostnaðar vegna meiðsla, er stefnandi hlaut í umferðarslysi 5. apríl 1989. Bótaskylda stefndu er ekki vefengd, en deilt er um fjárhæð bóta.

Í þinghaldi 14. þ. m. lét lögmaður stefnanda bóka þá kröfu sína, að dómari málsins viki sæti, með vísan til 5. gr. laga nr. 91/1991, einkum d- og g-liðar, „þar sem dómari sé sonur Sigurðar Jónssonar, eiganda að 0,76% hlutafjár í hinu stefnda félagi, en nefndur Sigurður sé fyrrum forstjóri félagsins til langs tíma, og ástæða sé til að ætla, að dómarinn geti ekki litið hlutlaust á málavöxtu“. Af hálfu lögmanns stefndu var bókað, að hann teldi kröfu þessa ástæðulausa. Krafa þessi var tekin til úrskurðar, eftir að lögmaður stefnanda hafði tjáð sig um hana munnlega.

Samkvæmt d-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst héraðsdómari vanhæfur til að fara með mál, tengist hann málsaðila. Sigurður Jónsson var forstjóri Sjóvá hf., sem síðar varð Sjóvá-Almennar tryggingar hf., á árunum 1971 til ársloka 1983, er hann lét að störfum fyrir aldurs sakir. Engin tengsl eða skyldleiki eru milli dómara og núverandi stjórnenda hins stefnda félags. Samkvæmt því eru engin þau tengsl dómara við aðila máls-

ins, að varða ættu vanhæfi hans til meðferðar þess skv. d-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Ber að hafna kröfu stefnanda að því leyti, sem hún lýtur að d-lið 5. gr.

Stefnandi reisir kröfu sína um, að dómari málsins víki sæti, einnig á g-lið 5. gr. sömu laga, en samkvæmt þeirri grein er dómari vanhæfur til að fara með mál, ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður, sem fallnar séu til þess að draga óhlutdrægni hans í efa.

Einn helsti tilgangur dómstóla er sá að gefa aðilum máls kost á að fá leyst úr réttarágreiningi sínum fyrir óháðum, óhlutdrægum dómstóli. Um það, hvenær þeim skilyrðum telst fullnægt, ber að styðjast öðrum þræði við túlkun á 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þeim almennu reglum um hæfi dómara til að fara með mál, sem fram koma m. a. í 5. gr. laga nr. 91/1991, er ætlað að tryggja, eins og unnt er, þetta markmið.

Regla sú, sem fram kemur í g-lið 5. gr. laganna, er að því leyti til ólík öðrum liðum greinarinnar, að vanhæfi ræðst þar af atvikum eða aðstæðum, sem snúa að dómsmáli hverju sinni og gefa réttmætt tilefni til að draga óhlutdrægni dómara í efa. Við mat á því, hvenær skilyrðum greinarinnar er fullnægt, ber að taka mið af þörfinni fyrir traust málsaðila og almennings til dómstólanna. Á móti kemur, að til að dómstólarnir geti starfað eðlilega, þurfa samkvæmt greininni að vera efni til, að draga megi óhlutdrægni dómara með réttu í efa.

Stefnandi hefur upplýst, að Sigurður Jónsson, faðir dómara málsins, eigi 0,76% hlutafjár í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Verður sú fullyrðing lögð til grundvallar hér. Úrslit máls þessa geta á engan hátt haft áhrif á rekstrarlega afkomu hins stefnda félags eða arðgreiðslur til hluthafa, en ætla verður, að á þeim sjónarmiðum sé málsástæða stefnanda m. a. reist. Þá geta úrslit málsins með engu móti haft áhrif á fjárhagslega afkomu dómara málsins. Verður því ekki séð, hvernig draga megi óhlutdrægni dómara í máli þessu í efa. Er kröfu stefnanda um, að dómari víki sæti samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, því hafnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnanda, Stefaníu Bragadóttur f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Sigrúnar Gunnarsdóttur, um, að dómari málsins, Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, víki sæti, er hafnað